

1. bekkur samfélagsgreinar

Kennarar: Guðný Maja Riba Pétursdóttir; Ína Holoyad

Lýsing

Samfélagsgreinar samanstanda af sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði og trúarbragðafræði. Í lotunni er lögð áhersla á að efla skilning nemenda á umhverfi, menningu, auðlindum og sögu. Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 1.-4. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

Markmið

- skilji mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi.
- skilji mikilvægi reglna s.s í skóla, umferðinni og í samskiptum fólks.
- þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum.
- kynnist skólabyggingunni, skólalóðinni og nánasta umhverfi skólans.
- geti raðað atburðum í tímaröð.
- þekki árstíðirnar, heiti vikudaga og mánaða.
- átti sig á að sagan er allt í kringum okkur og við erum hluti hennar.
- kynnist höfuðáttunum fjórum og þjálfist í að nota þær í daglegu tali.
- þjálfist í að flytja mál sitt skýrt og að hlusta á aðra.

Námsefni

- Komdu og skoðuðu umhverfið
- Komdu og skoðuðu líkamann
- Halló heimur
- Aðgát í umferðinni

Kennsluaðferðir

Unnið er samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis. Þemavinna með samþættingu við íslensku.

Unnið í lotum í kring um hátíðir.

Vettvangsferðir.

Söguaðferð.

Umræðu- og spurnaraðferðir sem reyna á samræðu og gagnrýna hugsun.

Einstaklings-, para- og hópavinna.

Hlutverkaleikir, námsleikir og leikræn.

Námsmat

Símat.

Ymis verkefni sem meta hæfni og getu nemenda.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
- Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.
- Sýnt tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.

- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.